Iðrunin

9. tími

Tilgangur: Að læra mikilvægi þess að biðjast fyrirgefningar Guðs.
Þegar við höfum breytt rangt biðjum við strax um fyrirgefningu. Við hugsum um liðinn dag á hverju kvöldi áður en við förum að sofa. Við þökkum Guði það sem gott var og biðjum um fyrirgefningu synda okkar.

Hugmynd af kennslustund: *Við lesum sjálf:* Við lesum í Lúkasarguðspjalli, 15. kafla, vers 11 til 32.
https://biblian.is/biblian/lukasargudspjall-15-kafli/

Iðrunin

Þér líður oftast ekki vel ef þú hefur gert eitthvað rangt. Stundum reiðistu jafnvel sjálfum þér (sjálfri þér). Stundum óttast þú að einhver komist að þessu, eða þú hræðist refsingu. Þú sérð að minnsta kosti eftir þessu. Þetta köllum við líka iðrun. Iðrunin er mikilvæg þegar við höfum syndgað.

Iðrunin er nauðsynleg því við getum ekki fengið fyrirgefningu án iðrunar.

Þetta er auðskilið. Þegar einhver hefur brotið af sér og finnst það alls ekki slæmt þá er ekki hægt að fyrirgefa honum. En hvernig get ég vitað hvort ég iðrast þess sem ég hef gert?

Við iðrumst raunverulega ef við sjáum eftir því að hafa syndgað af því að Guði mislíkar syndin og við viljum raunverulega gera yfirbót.

Eftirsjá er með ýmsu móti. Við getum séð eftir einhverju af því að við óttumst refsingu. Við getum líka séð eftir því að hafa gert öðrum illt. Þetta á sérstaklega við þá sem við elskum. Þegar þú sérð að móðir þín þjáist vegna þess sem þú hefur gert þá líður þér hræðilega illa.

Iðrun okkar er einkar góð þegar við sjáum eftir einhverju sem okkar elskandi Guði mislíkar. Það köllum við fullkomna iðrun. Við elskum Guð og iðrumst þess vegna að hafa gert eitthvað rangt gagnvart Guði.

Við iðrumst fullkomlega þegar sjáum eftir syndum okkar vegna ástar okkar á Guði.

Við höfum lært að við verðum að skrifta fyrir dauðasyndir. Nú getur það gerst að ekki er hægt að ganga til skrifta. Þegar þú hefur drýgt stóra synd og getur ekki skriftað strax þá getur þú samt hlotið fyrirgefningu með fullkominni iðrun.

Dauðasyndir fyrirgefast með fullkominni iðrun ef ekki er hægt að skrifta.

Ef þér gefst síðar tækifæri til skrifta skaltu auðvitað segja frá þessum dauðasyndum eftir á. Einnig er til annars konar iðrun. Þú getur hugsað sem svo: Guð mun refsa mér fyrir syndir mínar og það líkar mér ekki. Þess vegna ætla ég að biðja fljótt um fyrirgefningu svo að ég komist hjá refsingu. Þetta er auðvitað líka iðrun. Þessa iðrun köllum við ófullkomna iðrun.

Ófullkomin iðrun er það þegar við sjáum eftir broti af ótta við refsingu.

Hvers vegna er iðrun nauðsynleg?

Iðrunin er nauðsynleg því við getum ekki fengið fyrirgefningu án iðrunar.

Hvenær iðrumst við raunverulega?

Við iðrumst raunverulega ef við sjáum eftir því að hafa syndgað af því að Guði mislíkar syndin og við viljum raunverulega gera yfirbót.

Hvenær iðrumst við fullkomlega?

Við iðrumst fullkomlega þegar sjáum eftir syndum okkar vegna ástar okkar á Guði.

Hvaða syndir fyrirgefast vegna fullkominnar iðrunar?

Dauðasyndir fyrirgefast með fullkominni iðrun ef ekki er hægt að skrifta.

Hvað er ófullkomin iðrun?

Ófullkomin iðrun er það þegar við sjáum eftir broti af ótta við refsingu.